

Ísafjarðarbær  
Halldór Halldórsson, bærarstjóri  
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1  
400 ÍSAFJÖRÐUR

2001040012  
4200; 9310

Reykjavík, 14. maí 2001  
/--

**Efni: Endurbygging og lenging sjóvarnargarðs við rækjuverksmiðjuna á Hnífsdal, Ísafjarðarbæ. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Siglingastofnunar dags. 30. mars 2001 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð endurbygging og lenging sjóvarnargarðs við rækjuverksmiðjuna á Hnífsdal, Ísafjarðarbæ samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins. Umsagnir bárust frá Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 10. apríl 2001 og Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 23. apríl 2001.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Fyrirhuguð framkvæmd**

Fram kemur í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila að fyrirhuguð er endurbygging, hækkun og lenging sjóvarnargarðs við rækjuverksmiðjuna á Hnífsdal. Lengd sjóvarnar er 260 m og þversnið 5 m<sup>3</sup>/m í styrkingu (200m) og 20 m<sup>3</sup> í lengingu sjóvarnar innan við verksmiðjuna. Áætluð efnisþörf til framkvæmdanna er 2200 m<sup>3</sup> og verður efni tekið úr opinni grjótnámu fyrir botni Skutulsfjarðar í 27 km fjarlægð.

**ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG SVÖR FRAMKVÆMDARAÐILA**

**Almennt**

Í umsögnum bærarstjórnar Ísafjarðarbæjar og Náttúruverndar ríkisins kemur fram það álit að fyrirhuguð framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

**Fjörusvæði**

Í umsögn Náttúruverndar ríkisins kemur fram að hafa beri í huga að fjara sé viðkvæmt

búsvæði og því beri að hafa varann á við framkvæmdirnar. Halda verði raski í lágmarki og eins sé mikilvægt að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja fólki gott aðgengi að fjörunni.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að við hönnun sjóvarna sé leitast við að hafa sem allra minnst inngríp í náttúruna, laga sjóvörnina að fjörunni og takmarka hæð hennar þó þannig að hún uppfylli sett markmið. Víða hafi sveitarstjórnir bætt aðgengi að fjörum, þar sem það hefur verið æskilegt.

## **NIDURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Um er að ræða endurbyggingu, hækkun og lengingu sjóvarnargarðs við rækjuverksmiðjuna á Hnífsdal. Samkvæmt 6. gr. og liðum 10 h og 13 a í 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfissáhrifum ber að tilkynna fyrirhugaða framkvæmd til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Fyrirhugaðar framkvæmdir taka til afmarkaðs svæðis, efnismagn er óverulegt og munu framkvæmdirnar ekki hafa verulegt rask í för með sér enda verði staðið að þeim eins og kemur fram í svörum framkvæmdaraðila.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfissáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð endurbygging, hækkun og lenging sjóvarnargarðs við rækjuverksmiðjuna á Hnífsdal, Ísafjarðarbæ sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfissáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfissáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Ísafjarðarbæjar samkvæmt 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, m.s.b. Samkvæmt skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum varnarvirkjum vegna sjávarflóða. Þær framkvæmdir sem hér um ræðir kalla að mati Skipulagsstofnunar ekki á sérstaka skipulagsgerð eða breytingu á skipulagi, en við gerð nýs aðalskipulags fyrir sveitarfélagið þarf að gera grein fyrir þegar byggðum og fyrirhuguðum sjóvörnum í samræmi við kröfur skipulagsreglugerðar.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 12. júní 2001.

Ásdís Hlökk Theódórsdóttir

Jakob Gunnarsson

Afrit: Umhverfisráðuneytið, Náttúruvernd ríkisins og Siglingastofnun